



Ávinningur kjarasamninga horfinn

Nýir kjarasamningar voru undirritaðir 17. febrúar og taldi Starfsgreinasambandið sig vera að senda mikilvæg skilaboð út í samfélagið með þessum samningum, skilaboð um stöðugleika á vinnumarkaði næstu þrjú árin. Á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru hafa allar forsendur breyst.

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA segir brynt að stöðva þá óheillapróun sem nú blasir við í íslensku efnahagslífi. „Það er sorglegt að sjá að sá ávinningur sem náðist í nýgerðum kjarasamningum á hinum almenna vinnumarkaði skuli vera horfinn og það á einungis tveimur mánuðum. Fall krónunnar hefur gert það að verkum að nú blasir við aukin verðbólga eins og reyndar greiningardeildir bankanna hafa verið óþreytandi að spá að undanfögnu,“ segir Vilhjálmur.

Allir verða að leggjast á eitt

Fall krónunnar hefur gert það að verkum að greiðslubyrði íslenskra launþega hefur hækkað verulega á síðustu vikum og segir Vilhjálmur ljóst að allir verða að leggjast á eitt við að koma böndum á þá þróun sem nú á sér stað. „Í nýgerðum kjarasamningum er endurskoðunarákvæði, og eins og staðan er í dag er stórhætta á að kjarasamningum verði sagt upp strax í mars á næsta ári, það er að segja ef ekki næst að



stöðva þessa þróun. Í nýju samningunum var meginmarkmiðið að auka kaupmátt íslenskra launþega. Á þeirri forsendu voru gerðir skynsamir og hófstiltir kjarasamningar. Því er sorglegt að sjá þá þróun sem nú er að eiga sér stað, því eins og ég sagði áður er allur sá ávinningur fyrir bí.“

Vilhjálmur telur að ríkisstjórnin verði að flýta aðgerðum sem getið er um í yfir-lýsingu frá 17. febrúar. „Það getur ríkisstjórnin gert meðal annars með því að láta hækkun persónuafsláttar taka gildi

tafarlaust og hækka jafnframt vaxta- og barnabætur. Einnig verður ríkisstjórnin að lækka álögur á eldsneyti á meðan þær gríðarlegu hækkanir á heimsmarkaði eru að eiga sér stað. Grundvallaratriðið nú er að allir leggist á eitt við að koma böndum á það ástand sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi og er vonlaust að undanskilja neinn í þeim efnum. Því ef það ekki tekst mun fara mjög illa fyrir mörgum íslenskum heimilum,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Verkalýðsfélag Akraness
sendir öllum félagsmönnum árnaðaróskir
á baráttudegi verkafólks.
Stöndum vörð um réttindi okkar!



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 9:00-16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálm Birgisson, í síma 865 1294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
audur@vlfa.is



Nr. 7 | 4. árgangur | 1. maí 2008

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 430 9900 Fax: 430 9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Ábm.: Vilhjálmur Birgisson
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson
Umbrot: Uppheimar
Prentun: Prentmet Vesturlands



Kæru félagar.

Það er þyngra en tárur taki að horfa uppá hvernig komið er fyrir sjávarútvegsmálum okkar Skagamanna. Það útgerðarmynstur sem við Akurnesingar höfum þekkt undanfarin hundrad ár eða svo heyrir nú sögunni til.

Akranes hefur verið einn mesti útgerðarbær landsins en er í dag ekki nema svipur hjá sjón eftir að forsvarsmenn HB Granda ákváðu að draga stórlega úr vinnslu á bolfiski í frystihúsi fyrirtækisins. Með þeirri ákvörðun er nánast búið að skrifa lokakaflann í hundrad ára sögu veiða og vinnslu hér á Akranesi.

Það er kaldhæðnislegt til þess að vita að fyrirtæki eins og Haraldur Böðvarsson hf sem hefur verið fjöregg okkar Skagamanna í 100 ár, og staðið af sér tvær heimsstyrjaldir, skuli þurfa að lúta í lægra haldi fyrir fiskveiðistjórnunarkerfi sem við sjálf höfum komið okkur upp.

150 störf hafa tapast

Hver hefði trúað því að þegar Haraldur Böðvarsson hf sameinaðist Granda árið 2004 að á einungis fjórum árum myndu 150 störf tapast. Því til viðbótar hafa forsvarsmenn fyrirtækisins látið frystiskipin Höfrung og Helgu Maríu og skuttogarann Sturlaug H. Böðvarsson hætta löndun hér á Akranesi eins og þau höfðu þó gert um áralangt skeið.

Það vita allir sem vilja vita að fiskveiðistjórnunarkerfið sem nú er við lýði hefur lagt heilu byggðarlögin í rúst eins og dæmin vítt og breitt um landið sanna. Það er í raun og veru óþolandi með öllu að útgerðarmenn geti tekið einhliða ákvörðun um að selja sínar aflaheimildir og skilið sjómenn og fiskvinnslufólk eftir í áthtagafjötrum. Hins vegar hverfa þessir

Ávarp formanns

sömu útgerðarmenn með tugí ef ekki hundruð milljóna króna út úr greininni. Samfélagsleg ábyrgð þeirra aðila sem fara með tímabundinn umráðarétt yfir auðlindum hafsins hefur því miður verið af skornum skammti eins og við Skagamenn höfum svo sannarlega fengið að kynnst nýverið.

Það er ekki bara að héðan hafi horfið nánast allar aflaheimildir HB Granda á liðnum árum heldur hefur smábátaútgærd að stórum hluta þurrkast út.

Besta fiskveiðikerfi sem völ er á?

Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var sett á árið 1984 og var helsta markmið þess að byggja upp þorsstofninn, en ef ég man rétt þá var heildarþorskvótinn í kringum 270 þúsund tonn árið 1984 en er í dag kominn niður í 130 þúsund tonn og svo tala ráðamenn þessarar þjóðar um að hér sé besta fiskveiðistjórnunarkerfi sem völ er á. Kerfi sem hefur lagt heilu byggðarlögin í rúst, kerfi sem hefur valdið samdrætti á aflaheimildum um 140 þúsund tonn á 24 árum!

Sé ástæða til að mótmæla einhverju þá er það óréttlátt og handónýtt fiskveiðistjórnunarkerfi sem ekki stenst skoðun hjá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Kerfi sem er búið að leika okkur Skagamenn illa að undanfögnu.

Það er fullt tilefni til að endurskoða þær leikreglur sem gilda í fiskveiðistjórnunarkerfinu og gera verður þá skýlausu kröfu til þeirra sem fara með tímabundinn umráðarétt yfir auðlindum hafsins að þeir sýni samfélagslega ábyrgð.

Vilhjálmur Birgisson



Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness

Stórbætt afkoma félagsins

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn laugardaginn 26. apríl s.l. í matstofu Fortuna í sal Sementsverksmiðjunnar. Formaður félagsins, Vilhjálmur Birgisson, flutti skýrslu stjórnar og greindi frá því helsta sem stjórn og starfsmenn fengust við á annasömu ári. Félagsmönnum fjölgaði um 722 á síðasta ári og hagnaður af rekstri sjóða félagsins nam rúmlega 77 milljónum króna, samanborið við rúmlega 54 milljónir árið á undan. Félagssjóður skilaði rekstrarafgangi upp á tæpar 23 milljónir en var rekinn með halla þegar þessi stjórn tók við í árslok 2003. Staða sjúkrasjóðs er sterk og jókst hagnaður um 30% á milli ára þrátt fyrir auknar styrkveitingar, sem jukust um 37%. Sama er upp á teninginn með aðra sjóði félagsins, Orlofssjóð og Verkfallssjóð, staða þeirra hefur styrkst verulega.

Áhyggjur af þróun efnahags- og atvinnumála

Í máli Vilhjálms kom fram að stjórn félagsins hefði áhyggjur af þróun efnahagsmála síðustu tveggja mánaða sem hefði leitt til þess að ávinningur nýrra kjarasamninga

tapaðist. Telur stjórn félagsins að allt stefni í að samningum verði sagt upp strax á næsta ári.

Formaður félagsins lét í ljós þungar áhyggjur af þróun atvinnumála í sjávarútvegi á Akranesi og var ómyrkur í máli um afleiðingar sameiningar HB hf og Granda sem leitt hafi til þess að yfir 150 manns hafi misst atvinnuna. Sagði Vilhjálmur forsvarsmenn HB-Granda hafa sýnt Skagamönnum ótrúlegan fantaskap og að ekkert lát virtist ætla að verða á honum.

Setja markið hátt

Í skýrslu stjórnar kemur fram að hún er stolt yfir því hvernig til hefur tekist þau fjögur ár sem stjórnin hefur starfað. Samkvæmt könnun Capacent Gallup á síðasta ári eru yfir 90% félagsmanna ánægðir með það sem félagið hefur upp á að bjóða. Stórbætt afkoma félagsins og aukin þjónusta hefur skilað því þessum árangri. Markmið núverandi stjórnar er að Verkalýðsfélag Akraness verði það stéttarfélag sem mest og best þjónar sínum félagsmönnum hér á landi.



Aðalfundurinn var að þessu sinni haldinn í matstofu Fortuna í sal Sementsverksmiðjunnar.



Stjórn félagsins bauð fundarmönnum upp á lambalæri með öllu tilheyrandi í lok aðalfundar.



1. maí Akranesi!

Verkalýðsfélag Akraness, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, VR, FIT, Félag iðn- og tæknigreina, Kennarasamband Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við Kirkjubraut 40, kl. 14:00 og genginn verður hringur á Neðri-Skaga. Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá í sal Verkalýðsfélags Akraness á 3ju hæð Kirkjubrautar 40.

Dagskrárstjóri: Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri
Ræðumaður dagsins: Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastj. ASÍ
Kvennakórinn Ymur syngur nokkur lög Kaffiveitingar

Frítt í bíó fyrir börnin í Bíóhöllinni kl. 15:00

Félagsmenn fjölmennið!**1. maí-nefndin**



Vinnustaðasamningur

Vinnustaðasamningur hjá starfsmönnum Fangs var laus og hækkuðu laun hjá þessum starfsmönnum töluvert. Starfsmenn voru almennt mjög ánægðir með samningana og töldu hann jákvætt skref í að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Sem dæmi má nefna að grunnlaun starfsmann Fangs verða 184.748 kr. sem er hækkun uppá 10,8%. Föst laun, þ.e.a.s. vaktarálag, ferðapeningar og bónus hjá starfsmanni eftir 5 ára starf voru 223.929 kr. en verða 248.908 kr. sem er 11% hækkun.



Samið við Spöl

Í lok mars var gengið frá vinnustaðasamningi við Spöl. Samningurinn hefur sama gildistíma og kjarasamningurinn á hinum almenna vinnumarkaði eða til 30. nóvember 2010. Heildarhækkun launa starfsmanna gjaldskýlisins í nýjum samningi er um 32 þúsund krónur á mánuði. Einnig hækkuðu orlofs- og desemberuppbætur umtalsvert.



Félagsmönnum fjölgaði verulega á liðnu ári. Nýir félagsmenn eru 722 að tölu.

Félagsmönnum fjölgar um 722 á milli ára

Núverandi stjórn VLFA hefur síðustu fjögur ár einbeitt sér að því að koma rekstri félagsins í gott horf og hefur það gengið vonum framár. Afkoma þess var mjög góð á síðasta ári og félagsmönnum fjölgaði gríðarlega eða um 722. Stafar þessi fjölgun m.a. af því góða atvinnuástandi sem verið hefur á svæði félagsins okkar og þeirri miklu og jákvæðu uppbyggingu sem orðið hefur á Grundartangasvæðinu.

Þessi góða afkoma gerir það að verkum að félagið getur aukið þjónustu við félagsmenn enn frekar. Stjórn félagsins bætti við fimm nýjum bótaflokkum í sjúkrasjóðinn á síðasta ári og greiðslur úr sjóðnum jukust um 37% á milli ára. Fjölgun félagsmanna endurspeglar að félagsmenn eru ánægðir með það sem aðild að félaginu veitir enda er kappkostað að veita sem allra bestu þjónustu.

Um hvað var samið?

Við undirritun nýrra kjarasamninga töldu forsvarsmenn Starfsgreinasambandsins helstu markmiðum hafa verið náð: Hækkun launa þeirra tekjulægstu, kaupmáttaraukning og efnahagslegur stöðugleiki.

Laun þeirra sem lægst hafa launin og kaupmáttur þeirra, sem setið hafa eftir í launaþróuninni, hækka umtalsvert meira en annarra. Samið var um að taxtar hækkuðu verulega. Samið var til eins árs með möguleika á framlengingu í tvö ár ef efnahagslegar forsendur stæðust, eða m.ö.o. að aðrir, og þar með talin stjórnvöld, verða að axla ábyrgð í efnahagsslifinu þannig að verðbólga og vaxtabyrðin lækki. Þessi atriði eiga að tryggja kaupmáttaraukningu á samningstímabilinu.

Helstu atriði nýrra kjarasamninga

Launataxtar hækkuðu frá og með 1. febrúar s.l., um 18.000 krónur, þeir hækka

um 13.500 krónur árið 2009 og 6.500 krónur árið 2010.

Fjallað er um fyrstu skref að nýju kerfi veikinda-, slysa- og örorkuréttinda á almennum markaði og lagður grunnur að nýjum endurhæfingarsjóði aðila vinnumarkaðarins. Veruleg hækkun bóta slysatrygginga launafólks var markmið sem náðist, dánarbætur til eftirlifandi maka hækka um 31,4% og til barna mun meira. Bætur vegna varanlegrar örorku hækka um rúm 70% og dagpeningar vegna tímabundinnar örorku um 65%. Önnur markmið SGS, svo sem um aukin framlög atvinnurekenda í fræðslu- og endurmenntunarsjóði náðist, einnig aukin vernd launafólks við uppsagnir og að tekið verði markvisst á kynbundnum launamun.

Samningarnir voru kynntir fyrir félagsmönnum VLFA á vinnustaða- og félagsfundum. Niðurstaða kosninganna var afgerandi, yfir 90% sögðu já en kosningaþátttakan hefði mátt vera meiri.



Þessi stendur upp úr

Oft er besta hugmyndin beint fyrir framan þig. Hugmyndin um að eyða í sparnað er skynsamleg og svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
 - Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
 - Byrjaðu að spara reglulega
- Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



Landsbankinn

Breytingar á hreinni eign (í þús. króna)	2007	2006
Iðgjöld	3.508.396	2.814.212
Lífeyrir	1.220.121	1.167.757
Fjárfestingartekjur	4.504.423	7.708.958
Fjárfestingargjöld	67.008	71.998
Rekstrarkostnaður	64.599	74.909
Hækkun á hreinni eign á árinu:	6.661.092	9.208.506
Hrein eign frá fyrra ári:	48.634.302	39.425.796
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris:	55.295.394	48.634.302
Efnahagsreikningur (í þús. króna)		
Fjárfestingar:		
Húseignir og lóðir	27.721	28.079
Verðbréf með breytilegum tekjum	27.943.425	25.302.817
Verðbréf með föstum tekjum	25.417.424	21.915.557
Veðlán	1.060.803	882.896
Bundin innlán og aðrar fjárfestingar	460.008	440.494
Fjárfestingar:	54.909.381	48.569.843
Annað:		
Kröfur á viðskiptamenn	565.398	841.882
Aðrar eignir	86.497	176.265
Viðskiptaskuldir	265.883	953.688
Annað:	386.012	64.459
Hrein eign til greiðslu lífeyris:	55.295.394	48.634.302
Ýmsar kennitölur		
Nafnávöxtun	8,8%	18,8%
Hrein raunávöxtun	2,8%	11,1%
Hrein raunávöxtun, fimm ára meðaltal	7,9%	6,6%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	3,2%	6,4%
Nafnávöxtun séreignardeildar	5,6%	15,9%
Hrein raunávöxtun séreignardeildar	-0,3%	8,3%




FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Sameinaður sjóður Suðurlands, Suðurnesja og Vesturlands

8,8% ávöxtun árið 2007

- Áhrif sameiningar skilar sér í lægri rekstrarkostnaði
- Góð ávöxtun þrátt fyrir erfitt ár á fjármálamörkuðum
- Sterk tryggingafræðileg staða



Áhrif sameiningar skilar sér í lægri rekstrarkostnaði



Meðaltal fimm ára raunávöxtunar

Stjórn Festu lífeyrissjóðs

Bergþór Guðmundsson, stjórnarform.
Ragna Larsen, varaformaður
Kristján Gunnarsson
Sigrún Helga Einarsdóttir
Kristján Jóhannsson
Bergþór Baldvinsson

Framkvæmdastjóri
Gylfi Jónasson

www.festa.is
Traust - Ábyrgð - Festa



Auknar greiðslur úr starfsmenntasjóðum

Verkalýðsfélag Akraness, sem er aðili að starfsmenntasjóðum Landsmenntar, Ríkismenntar, Sveitamenntar og Sjömenntar, greiddi rúmlega fimm milljónir í styrki á síðastliðnu ári. Um er að ræða umtalsverða aukningu frá árinu 2006.

Þeir styrkir sem VFLA greiddi til félagsmanna sinna voru m.a. vegna náms í íslensku, tölvunámskeiða, aukinna ökuréttinda, framhaldsnáms, háskólanáms, starfsnáms og náms í tungumálum. Stjórn félagsins hefur lýst yfir ánægju með að sjá hversu duglegir félagsmenn eru að nýta sér styrki úr áðurnefndum sjóðum. Vill hún hvetja félagsmenn til frekari dáða og markmiðið er að fleiri sækji námskeið á þessu ári.

Framtalsaðstoðin vinsæl sem aldrei fyrr

Frá árinu 2003 hefur Verkalýðsfélag Akraness boðið félagsmönnum sínum upp á aðstoð við gerð einfaldra skattframtala. Þessi þjónusta hefur aukist ár frá ári og að þessu sinni voru tvöfalt fleiri tímar í boði í framtalsaðstoð en á síðasta ári. Það er Björg Bjarnadóttir starfsmaður félagsins sem hafði veg og vanda af skattaframtalsaðstoðinni í ár sem hún vann með miklum sóma. Stjórn félagsins er afar stolt af þessari þjónustu og greinilegt að félagsmenn kunna svo sannarlega að meta hana.

Varnarsigur Festu lífeyrissjóðs í erfiðu árferði

Þær hagræðingaraðgerðir sem farið var af stað með við sameiningu þriggja lífeyrissjóða, þ.e. Lífeyrissjóðs Vesturlands, Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Suðurnesja, í Festu lífeyrissjóð hafa skilað tilætluðum árangri. Fyrsta heila starfsárið í rekstri Festu lífeyrissjóðs staðfestir að rekstarkostnaðurinn er lægri og nýting eigna er betri.

Heildarkostnaður sjóðsins sem hlutfall af eignum er um 0,20%, en var 0,35% árið 2004. Þessi þróun er afar mikilvæg þar sem aukið rekstrarhagræði hefur jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða og þar með getu þeirra til að standa undir lífeyrisskuldbindingum sínum.

Þrátt fyrir óhagfelld ytri skilyrði á árinu 2007 verður árangur sjóðsins að teljast afar góður, sérstaklega í samanburði við árangur annarra sambærilegra lífeyrissjóða. Nafnávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2007 var 8,8% sem samsvarar 2,9% raunávöxtun. Raunávöxtun er lakari en undanfarin ár en það skýrist einkum af miklum lækkunum sem urðu

á hlutabréfamörkuðum síðari hluta ársins bæði innanlands og utan.

Þegar tekið hefur verið tillit til rekstrar-kostnaðar er hrein raunávöxtun Festu árið 2007 2,8%, sem er sú hæsta sem nokkur lífeyrissjóður getur státað af á síðastliðnu ári. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í lok árs 2007 tæpir 55,3 milljarðar og hækkaði um tæplega 6,7 milljarða, eða um 13,7% á árinu.

Iðgjöld síðasta árs numu um 3,5 milljörðum króna, miðað við rúmlega 2,8 milljarða árið áður, sem er aukning um 24,7%. Til sjóðsins greiddu samtals um 16.000 sjóðfélagar hjá 1.934 launagreiðendum. Alls fengu 4.524 lífeyrisþegar greiddan lífeyri hjá sjóðnum og fjölgaði þeim um 111 frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur ársins 2007 voru rúmir 1,3 milljarðar króna og hækkuðu lífeyrisgreiðslurnar um 12,7% frá fyrra ári.

Staða Festu lífeyrissjóðs er mjög traust og segja má að afkoma síðasta árs hafi verið góður varnarsigur í erfiðu árferði á fjármálamörkuðum á síðari hluta ársins.

Kallað eftir skýringum

Þann 16. apríl síðast liðinn áttu Vilhjálmur Birgisson formaður VFLA og Gísli S. Einarsson bæjarstjóri fund með forstjóra HB Granda, Eggert B. Guðmundssyni. Bæjarráð Akraneskaupstaðar fól formanni VFLA og bæjarstjóra Akraness að kalla eftir skýringum frá forsvarsmönnum HB Granda á því að 7.693 tonn af bolfiski (5.442 þorsksígildistonn) hafa farið frá fyrirtækinu yfir á önnur skip sem ekki eru í eigu HB Granda á yfirstandandi fiskveiðiarí.

Stórfelldur samdráttur hefur orðið í landvinnslu fyrirtækisins hér á Akranesi. Eins og fólk er í fersku minni var öllum nema 20 starfsmönnum fyrirtækisins í landvinnslunni sagt upp störfum vegna kvótasamdráttar í þorskveiðum. Í ljósi þess var talið eðlilegt að kalla eftir skýringum á því hvert áðurnefndar aflaheimildir hafa farið.

Eggert B. Guðmundsson upplýsti á fundinum að HB Grandi væri búinn að leigja frá sér um 2000 tonna ýsukvóta en um 4000 tonnum væri haldið eftir fyrir aðrar útgerðir.

Að mati Vilhjálms Birgissonar, formanns VLFA, eiga þeir aðilar sem hafa tíma-bundinn umráðarétt yfir auðlindum hafsinns að sýna samfélagslega ábyrgð.

„Og það finnst mér ekki hafa verið gert,“ segir Vilhjálmur. „Þær útgerðir sem ekki eru að nýta þær aflaheimildir sem þeim er úthlutað hafi lítið við þær að gera. Fiskveiðar og vinnsla hefur verið fjöregg okkar Skagamanna í rúm 100 ár og sú ákvörðun forsvarsmanna HB Granda að segja upp öllum starfsmönnum nema 20 í landvinnslunni hefur lagst afar illa í samfélagið hér á Akranesi. Ég hefði talið eðlilegast að taka þennan afla til vinnslu hér,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA.

Orlofshús sumarið 2008 – Nýtt orlofshús í boði



Náttúrufegurð Borgarfjarðar er rómuð. Myndin er frá Hreðavatni.

Í sumar verður sem fyrr boðið upp á dvöl í orlofshúsum félagsins í Húsafelli, Svínadal, Hraunborgum, Ölfusborgum og í þremur íbúðum á Akureyri.

Félagið er einnig með leiguíbúð í Stykkishólmi, bústað að Eiðum og tvö hús að Koðrabúðum á landi Heiðar í Biskupstungum. Vegna mikils fjölda umsókna um sumardvöl í orlofshúsum félagsins greip stjórn orlofssjóds til þess ráðs að leigja eitt orlofshús til viðbótar til að geta annað eftirspurn. Húsið er að Stóru Skógum, skammt frá Munaðarnesi og er í eigu BSRB.

Í endurúthlutun sem fram fer þann 7. maí verður vikum í bústaðnum að Stóru Skógum úthlutað, ásamt öllum þeim vikum sem ekki gengu út í fyrstu úthlutun.

Þeir sem ekki fengu sumardvöl í fyrri úthlutun eru sjálfkrafa með í seinni úthlutun.

Endurbætur orlofshúsa

Stjórn orlofssjóds hefur kappkostað á undanförunum árum að sinna eðlilegu viðhaldi og umbótum orlofshúsa félagsins. Nú standa yfir stórframkvæmdir í bústöðum félagsins í Svínadal og Hraunborgum þar sem skipt verður um eldhúsinnréttingar og gólfefni. Vonast er til að framkvæmdum ljúki fljótlega. Síðastliðið sumar var samið við Björgunarfélag Akraness um að mála bústaði félagsins og voru húsin í Svínadal og Húsafelli máluð og pallarnir lakkaðir.



Bláskógar 12 Svínadal.

Í vetur hafa staðið yfir framkvæmdir á íbúðum félagsins á Akureyri. Verið er að stækka svalirnar á öllum íbúðunum og á framkvæmdum að vera lokið fyrir sumarúthlutun.

Sendum félagsmönnum VLFA kveðju í tilefni af 1. maí

HÁRHÚS KÖTLU | Stillholti 14 | Sími 431 3320

FANG | Grundartanga | Sími 432 0341

VIGNIR G. JÓNSSON HF | Smiðjuvöllum 4 | Sími 431 5000

MODEL | Stillholti 18 | Sími 431 3333

VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS | Stillholti 23 | Sími 431 3099

HARÐARBAKARÍ | Kirkjubraut 54 | Sími 431 2399

TRÉSMÍÐJA ÞRÁINS E. GÍSLASSONAR | Hafnarbraut 8 | Sími 430 3660

SMURSTÖÐ AKRANESS | Smiðjuvöllum 2 | Sími 431 2445

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ | Dalbraut 6 | Sími 431 1500

TRÉSMÍÐJAN AKUR | Smiðjuvöllum 9 | Sími 430 6600

FORTUNA | Faxabraut 11 | Sími 431 3737

NORÐANFISKUR | Vesturgötu 5 | Sími 431 1700

Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum baráttukveðju í tilefni dagsins.
Stöndum vörð um réttindi verkafólks

Sérkjarasamningar

Um miðjan febrúar var sérkjarasamningur starfsmanna síldarbræðslu HB Granda samþykktur með öllum greiddum atkvæðum starfsmanna en hann byggði í meginatriðum á þeim hækkunum sem urðu á almennum vinnumarkaði. Starfsmenn lýstu yfir ánægju með samninginn en taxtahækkunin ein og sér er að gefa starfsmönnum 216.000 króna hækkun á fyrsta ári samningsins. Taxtahækkunin mun hafa veruleg áhrif á greiðslu vegna vaktarálags og varlega áætlað mun samningurinn gefa starfsmönnum vel yfir 300.000 króna hækkun á ársgrundvelli, ef tekið er tillit til fjölda staðinna vakta á síðasta ári.

www.vlfa.is

LOGOSÍDA